


Æfingar hafnar á ný á Penetrator

Það væri synd að segja að leikhús landsins loguðu af lífi yfir sumar-mánuðina þó sá tími sé síst verri en annar til þess að njóta góðra leikverka. Leikhúsunndur þurfa þó ekki að örvænta því hinn kraftmikli leikhópur Vér morðingjar mun á ný hefja sýningar á verkinu Penetrator eftir Skotann Anthony Neilson.

stjórnsleysi og kúgun. Allur ágóði af sýningunni rennur í nýstofnaðan styrktarsjóð leikhópsins Vér morðingja og Hugarafis fyrir ungt fólk á aldrinum 18-20 ára en sjóðurinn hefur það að markmiði að styrkja ungt fólk með geðræn vandamál til skapandi verkefna. Leikarar eru þeir Jörundur Ragnarsson, Stefán Hallur Stefánsson og Vignir Rafn Valþórs-son. Leikstjórn er í höndum Kristínar Eysteinsdóttur. Sýningar verða í Sjóminjasafni Reykjavíkur og er frumsýning áætluð 11. júlí kl. 21:00.

Anthony Neilson hefur getið sér gott orð undanfarin ár fyrir áleitun leikverk sem kljást við samfélagsmann á frumlegan hátt. Hann fæddist árið 1967 í Edinborg og komst ungur að árum í kynni við leikhúsið. Faðir hans, Sandy Neilson, er mikilsmetinn leikstjóri og leikari á Bretlandi og móðir hans, Beth Robbins, er einnig nokkuð þekkt leikkona. Anthony Neilson varði því drjúgum hluta barnæsku sinnar í leikhúsinu og fylgdist með starfi foreldra sinna. Neilson átti fremur erfitt uppráttar í skóla og var rekinn úr leiklistarskóla í Edinborg eftir eitt ár. Hann lét þó ekki deigan síga, fór að skrifa útvarpsleikrit af miklum móð og náði þeim árangri að sigra í ungskáldakeppni sem BBC stóð fyrir.



Anthony Neilson

Hraði og spennu

Fyrsta verkið sem vakti fyrir alvöru athygli á Anthony Neilson sem leikritaskáldi var leikritið Normal sem fjallar um fjölamorðingjann Peter Kürten sem oft er nefndur Vampír frá Düsseldorf. Hann var uppi í Þýskalandi á millistríðsárunum og myrti fjölda manns á hræðilegan hátt. Leikritið Normal var sett upp á Edinborgarháttíðinni árið 1991 og frægðarsól Neilson hefur skinið skært síðan. Árið 1993 sló hann tóninn fyrir bresku nýbylgjuna með verkinu Penetrator og skipaði sér þar með í flokk með leikskáldunum Söru Kane og Mark Ravenhill sem *enfant terrible* bresku leikhúss. Leikrit Neilsons eiga það flest sameiginlegt að vera hrá, gróf og hröð og ná oft en ekki að koma áhorfendum í opna skjöldu. Hann hefur nú skrifað á þriðja tug leikrita fyrir svið og útvarp og vekja þau hvarvetna mikla athygli. Verkið The Censor sló í gegn á West End 1993 og vann til fjölmargra verðlauna og viðurkenninga, þ.á.m. Writer's Guild verðlaunanna viðfrægu.

Krefjandi spurningar samtímans

The Censor eða Ritskoðarinn var sett upp af leikhópnum Vér morðingjar á dögnum í Sjóminjasafninu í Reykjavík en sami hópur kveður sér hljóðs á ný með The Penetrator.

Penetrator var fyrst sett upp í Klink og Bank sumarið 2005 við góðan orðstír og fengu þá færri að sjá en vildu. Vegna mikillar eftispurnar var ákveðið að setja sýninguna upp aftur nú í sumar. Hugmyndin með samstarfinu árið 2005 var sú að ungir leiklistarnemar fengju tækifæri til þess að vinna náð með ungu fólk sem hefði beint eða óbeint kynnst geðsjúkdómum af eigin raun. Þátttakendur fræddust og deildu reynslu sinni sem virkir meðlimir í skapandi leikrænu ferli. Penetrator tekur á mörgum áleitnum spurningum samtíma okkar og fjallar m.a. um geðhvarfasvíki, meðvirkni, einelti, stíórnum og



Mynd/pÖK

Hekla Dögg Jónsdóttir hlaut viðurkenningu úr sjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur sl. laugardag

Mikil gróska í íslensku listalífi

Við opnun á sumarsýningu í Listasafni Reykjavíkur - Kjarvalsstöðum á laugardag fór fram afhending úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur. Að þessu sinni hlaut Hekla Dögg Jónsdóttir myndlistarkona viðurkenninguna fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar.

Listasjóður Guðmundu S. Kristinsdóttur frá Miðengi var stofnaður í tilefni af gjöf Errós á andvirði íbúðar að Freyjugötu 34 sem Guðmundu hafði arfleitt hann að. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu borgarsjóðs Reykjavíkur og hafa margar mikilsmetnar listakonur hlotið viðurkenninguna á síðustu árum, m.a. þær Ólöf Nordal, Finna Birna Steinsson, Katrín Sigurðardóttir, Gabriela Friðriksdóttir, Sara Björnsdóttir og Þóra Þórsdóttir.

„Mikill heiður“

Hekla Dögg lauk prófi úr fjöltækni-deild Myndlista- og handíðaskólans árið 1994. Hún hélt svo til náms til Frankfurt í Þýskalandi og einnig nam hún við California Institute of the Arts í LA 1996-1999. Hún hefur sett upp fjölmargar sýningar á verkum sínum hér heima og erlendis auk þess sem hún hefur mikið starfað við sýningahald.

„Það er mikill heiður fyrir mig að fá þessa viðurkenningu og gaman að Erró skyldi stofna þennan sjóð

í minningu frænku sinnar sem studdi hann með ráðum og dád þegar hann var að stíga sín fyrstu skref í myndlistinni,“ segir Hekla Dögg.

„Með sjóðnum lætur Erró þennan stuðning ganga áfram til ungra listamanna og sá stuðningur er alls ekki bara fjárhagslegur heldur er sá hugur sem fylgir máli sérlega dýrmætur – sú hugmynd að einhver styðji við bakkið á þér og hafi trú á því sem þú ert að gera. Ég er mjög stolt af því að slást í þennan fríða hóp kvenna sem áður hefur fengið viðurkenningu úr sjóðnum.“

Skúlptúrar, ljósmyndir og vídeó

Hekla Dögg hefur unnið með fjölbreytt efni síðustu ár og verið iðin við sýningahald.

„Ég vinn aðallega með skúlptúra, ljósmyndir og vídeó og tengi þessa þætti mjög gjarnan saman. Ég sýndi mikið hér á landi í fyrra og á þessu ári hef ég verið að sýna í Kanada, á Spáni og í Þýskalandi. Ég kom heim frá námi sumarið 2000, en hef verið með annan fótinn í LA og New York og hef fylgst vel með listalífínu þar. Ég stefni að því að halda sýningu á eigin verkum í LA í haust og er að undirbúa hana þessa dagana.“

Listakonan unga er ekki í vafa um að íslenskt listalíf standi sterkum fótum um þessar mundir.

„Það eru breytingar að eiga sér stað í íslensku listalífi og ég upp-

lífi mikla gróska. Það hafa verið opnuð mörg ný gallerí og einnig hafa orðið þó nokkrar mannabreytingar í listheiminum hér. Þetta hristir upp í svo litlu samfélagi og ný kynslóð er að ryðja sér til rúms á öllum sviðum. Ég held að þessar breytingar séu að mörgu leyti jákvæðar og að þær opni nýja möguleika fyrir yngri listamenn,“ segir Hekla Dögg.

„Stundum bas!“

Þó svo að líf listamannsins sé ekki dans á rósum alla daga þá hefur Hekla Dögg aldrei verið í vafa um að hún valdi rétt. „Það er auðvitað erfitt að hefja störf sem ungur listamaður á Íslandi. Þú þarft að leggja mikið á þig og jafnvel vinna fulla vinnu með til þess að sjá fyrir þér. En viðurkenningar og styrkir sem maður fær gefa manni heilmikinn kraft til þess að halda áfram, auk þess sem munar mikið um peninga-verðlaun. Þó upphæðirnar séu ekki endilega háar þá eru listamenn oftast mjög úrræðagott fólk og litlar upphæðir koma manni oft langt. Ég hef aldrei efast um að ég væri á rétttri hillu í lífinu þó líf listamannsins sé stundum eilltið bas!“ segir Hekla Dögg, kát með viðurkenninguna út Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur.

.....
hilma@bladi.net

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegur 46 E • Kópavogur
www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
s: 567-1800 **GUL GATA**

PORSCHE CAYMAN S 02/06
Innft. NÝR Leður, Navi, 19" O.FL

VOLVO S70 2,5 03/97 Ek.117
V.890,-Lán 600,kr 21 pr.mán

TOY. LANDCR 90 GX 33" 1/99
Ek.137 Sjálfsk. 1 Eigandi

FIAT DUCATO HÚSBÍLL DÍSEL
04/95 ek.105 þ.k Snyrtilegur

FORD F 250 Dísel M/CAMPER
Árg.02 Ek.91þ.km

BMW M5 SHADOWLINE 05/99 Ek.119
TILB.3790,stgr. LÁN GET. FYLGT

AUDI A 3 SPORTBACK 1,6
12/04 ek.30þk HÁTT LÁN GET. FYLGT

BMW M5 Shadowline 400+ HÖ
Árg. 00 Ek.99þ.km Einn með 6llu

PORSCHE CAYMAN S 02/06
Innft. NÝR Leður, Navi, 19" O.FL

Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga 10:00 - 19:00.
Laugard. 10:00 - 17:00
Sunnud. 13:00 - 17:00

Skotið myndirnar á www.bilamarkadurinn.is